

**Varðar: Kjalarnes, Saltvík – reitur C – fyrirspurn um matskyldu**

Reykjavíkurborg (skipulagsfulltrúa) barst þann 14. janúar sl. bréf þar sem Skipulagsstofnun óskar eftir umsögn vegna framkvæmdar Stjórnueggja hf. á reit C að Saltvík á Kjalarnesi. Reist hafa verið 2 ný varphús á reitnum til þess að anna eftirspurn eggjum. Fyrri húsið var reist og tekið í notkun árið 2023 og seinna húsið verður tekið í notkun 2025. Stæði fyrir varpfugla verpur samtals um 49.500.

Í erindi Skipulagsstofnunar segir að í tilfellum tilkynningaskyldra framkvæmda skuli koma fram eftir því sem við á, hvort umsagnaraðili telji að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisáðgerðum og vöktun eftir því sem við á. Jafnframt er þess óskað að umsögn taki á því hvort ákveðin, tiltekin atriði skuli háð mati á umhverfiáhrifum að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

**Umsögn**

Greinargerðin gerir nægjanlega grein fyrir framkvæmdinni og þeim umhverfisþáttum sem hún tekur til. Gerð er grein fyrir helstu umhverfisþáttum sem geta orðið fyrir áhrifum vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar í tilkynningu til ákvörðunar um matskyldu. Þar eru tilgreindir helstu áhrifaþættir og telur Reykjavíkurborg þá umfjöllun fullnægjandi og færir skýrslan rök fyrir því að ekki verði um að ræða umtalsverð neikvæð umhverfisáhrif vegna framkvæmdarinnar.

**Tilgangur og forsenda.** Í greinargerð um framkvæmdina kemur fram að þörf er á framleiðsluaukningu á eggjum þar sem eftirspurnin hefur stóraukist á síðustu árum. Til að koma til móts við það var ráðist í að reisa ný varphús á reit C í Saltvík. Þar hafa nú verið reistar tvær byggingar undir eggjarækt Stjórnuegg hf. Byggingarnar eru á skilgreindu landbúnaðarsvæði og staðsettar í meir en 90 metra fjarlægð frá öðrum byggingum. Hefðbundin fóðursíló standa sitthvorum megin við hvora bygginguna.

**Eðli framkvæmdar.** Annars vegar er um er að ræða Eggjahús/Varphús (Mhl.30), 1684,7 m<sup>2</sup> að stærð sem var reist og tekið í gagnið árið 2023. Húsinu er skipt í tvær deildir sem hvor um sig hefur 11.713 varpstæði.

Hins vegar er um að ræða Eggjahús/ Varphús (Mhl.31), 1704,6 m<sup>2</sup> að stærð, sem var reist árið 2024 Húsinu er skipt í tvær deildir sem hvor um sig hefur 13.014 varpstæði. Aðgengilegt rými beggja húsanna verður þá allt að 49.454 stæði samanlagt fyrir varpfugla á mismunandi vaxtarstigum.

**Staðsetning framkvæmdar.** Framkvæmdin er á skilgreindum reit C í landi Saltvíkur á Kjalarnesi en heildarstærð jarðarinnar er um u.þ.b. 150 hektarar. Yfirstandandi uppbygging á C reit er í samræmi við gildandi deiliskipulag fyrir svæðið og er reiturinn jafnframt á skilgreindu landbúnaðarlandi (L1) í aðalskipulagi Reykjavíkur 2024. Eitt af markmiðum aðalskipulagsins er að efla fjölbreytta ræktun og matvælaframleiðslu á landbúnaðarsvæðum. Jörðin er lágland og mýrar hafa verið ræstar fram fyrir löngu þannig að hluti jarðarinnar er orðinn að grösugum túnum. Að öðru leyti er jörðin smápýfð órækt og nokkuð um sinuvaxin svæði. Vestur af Saltvíkinni gengur fram nesið Brimnes. Engin vatnsverndarsvæði eru á jörðinni.



Umhverfisáhrif. Í greinargerð kemur fram að varphúsin standa í hæfilegri fjarlægð frá viðkvæmum viðtökum. Jafnframt er tekið mið af góðum búskaparháttum við dagleg störf og allt verklag. Þá er daglegt innra eftirlit skráð og ytra umhverfi er haldið snyrtilegu. Loftflæði og loftskipti í húsunum eru tölvustýrð svo hiti og raki haldist í viðeigandi gildum. Tölvustýrð stilling er einnig á fóðurkerfi og ljósakerfi. Óhjákvæmilegt er að einhverri lykt stafi af lifandi skepnum og lífrænum úrgangi þeirra.

Til að draga úr mögulegri lyktarmengun er allur búnaður í takt við bestu fánlegu tækni (BAT). Einnig gerir upphitun húsa það að verkum að skíturinn er þurrari en það eitt dregur töluvert úr lykt ásamt þeirri staðreynd að hann er fjarlægður reglulega úr húsunum og af svæðinu.

Heildaráhrif af völdum lyktar- og rykmengunar verða því að teljast óveruleg. Miðað er við að mismunandi vaxtarstig varpugla verði í hverri deild á hverjum tilteknum tíma. Efni og orka sem nýtt eru til rekstursins eru vatn (heitt og kalt), rafmagn og fóður. Við lok hvers varptímabils eru húsin þrifu, sótthreinsuð og hvíld. Notast er við ryklausan hefilspón sem undirburð og kögglað þurrfóður. Síló eru útbúin rykskiljum. Allt frárennsli, sem að mestu leyti er skolvatn vegna þrifa, fer í gegnum rotþró og hæsnaskít er keyrt jafnóðum af svæðinu í þéttum gámum. Starfsemin hefur ekki áhrif á vatnsverndarsvæði, en ekki er að finna slík svæði á jörðinni.

## Niðurstaða

Út frá ofangreindum atriðum er ekki gert ráð fyrir að framkvæmdin hafi í för með sér umtalsverð neikvæð umhverfisáhrif og sé því ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Í greinargerð er fjallað um mótvægisáhrif og vöktun og gerð er grein fyrir einstökum þáttum er varða starfsemi og áhrif hennar á nærumhverfið. Yfirstandandi uppbygging er í samræmi við gildandi deiliskipulag og þá fellur hún að landnotkun á landbúnaðarlandi í aðalskipulagi Reykjavíkur 2040.

**f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur**

Þórður Már Sigfússon, skipulagsfræðingur SFFÍ og verkefnastjóri.